

# Pinggerð

11. ársþing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið þann 20. mars 2021 og hófst þinghald kl.14.

---

Vegna Covid-19 ákvað stjórn að ársþing 2020 yrði haldið rafrænt. Stjórn og þingforseti ásamt tæknimanni útsendingar voru samankomin að Engjavegi í C-sal í húsi ÍSÍ.

## 1. Þingsetning

Gry Ek Gunnarsson formaður KRAFT bauð fundarmenn velkomna á ársþingið.

## 2. Kosning þingforseta og varapringforseta

Formaður KRAFT lagði til að Sigurjón Pétursson yrði kosinn þingforseta. Sigurjón var réttkjörinn.

Þingforseti kom í pontu, þakkaði traustið, og lagði til að Þórunn Lilja Vilbergsdóttir yrði kosin varþingforseti. Þórunn var réttkjörin.

## 3. Staðfesting lögmæti þingsins

Fyrsta þingboð í tölvupósti var sent 30. janúar og annað þingboð í tölvupósti 7. mars. Rétt til þingsins hefur verið boðað og því úrskurðað lögmætt.

## 4. Kosning þingritara og varapringritara

Lögð fram tillaga um Laufeyju Agnarsdóttur sem þingritara og Þórunni Lilju Vilbergsdóttur til vara. Laufey og Þórunn voru réttkjörnar.

## 5. Kosning kjörbréfanefndar

Gerð var tillaga um að Lára Bogey Finnbogadóttir, Þórunn Lilja Vilbergsdóttir og Auðunn Jónsson tækju sæti í kjörbréfanefnd. Ekki voru aðrar tilnefningar og þau því réttkjörin.

## 6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram til samþykktar

Send voru út kjörbréf fyrir 53 atkvæði og voru mætt 13 atkvæði á þingið frá 7 félögum (í gegnum fjarbúnað) :

Ármann : 3 fulltrúar  
Kraftlyftingafélag Akraness : 3 fulltrúar  
Lyftingafélag Kópavogs : 1 fulltrúi  
Breiðablik : 2 fulltrúar  
Ungmennafélag Njarðvíkur, Massi : 3 fulltrúar  
Lyftingadeild Stjórnunnar : 1 fulltrúi  
Kraftlyftingafélag Ólafsfjarðar : 1 fulltrúi

Engin mótmæli við talningu atkvæða.

## 7. Skýrsla fráfarandi stjórnar kynnt og viðurkenningar veittar fyrir afrek 2020

Gry Ek Gunnarsson, formaður KRAFT, las upp skýrslu stjórnar.

*Hana má finna á heimasíðu KRAFT :*

<http://kraft.is/wp-content/uploads/2021/03/skyrsla20.pdf>

Stjórn KRAFT ákvað að viðurkenna einstaklingsárangur á árinu þrátt fyrir fá mót og í samræmi við ákvörðun þingsins 2020 var DOTS stigataflan látin gilda við val á kraftlyftingakonu og - karli ársins 2020. Stjórnin ákvað að fella niður stigakeppni liða 2020 vegna covid.

Kraftlyftingakona ársins 2020 er Sóley Margrét Jónsdóttir, Breiðabliki, með 531,98 DOTS stig. Kraftlyftingakarl ársins 2020 er Júlían J. K. Jóhannsson, Ármanni, með 594,32 DOTS stig.

Ánægjulegt að þau sáu sér fært að koma við á þingstað og taka við viðurkenningunum á staðnum.

## 8. Endurskoðaðir ársreikningar KRAFT fyrir árið 2020 og fjárhagsáætlun 2021

Aron Ingi Gautason gjaldkeri KRAFT fór yfir ársreikninga ársins 2020 með hliðsjón af ársreikningum 2019. Stilltur upp af skoðunarmanni félagsins Magnúsi Magnússyni viðskiptafræðingi og yfirfarinn af kosnum skoðunarmönnum.

Í lok ársins er eigið fé um 15 milljónir, engar skuldir, skammtímaskuldir eiga að vera greiddar núna.

Það á eftir að greiða Afrekssjóði um 5 milljónir vegna verkefna sem ekki var farið í á árinu. Eigið fé því eiginlega um 10 milljónir.

Tekjur á árinu eru frá Afrekssjóði og Lottóstyrkir.

Stærsti hluti rekstrargjalda er styrkur til afrekssfélks og styrkir vegna fagteymis auk launakostnaðar.

Í stað þess að að greiða út styrki vegna keppnisferða sem ekki var farið í vegna Covid-19 var meira eytt í að aðstoða iðkendum við niðurgreiðslu á aðstoð fagteymis (heilbrigðissteymi).

Helsti munur á ársreikningum 2019 og 2020 er að KRAFT fékk ekki fullan styrk frá Afrekssjóði vegna skorts á verkefnum.

Í fjárhagsáætlun er miðað við að tekið verður þátt í mótum erlendis á þessu ári. Gert er ráð fyrir að útgjöld og tekjur séu jöfn eftir árið.

[http://kraft.is/wp-content/uploads/2021/03/KRAFT\\_arsreikningur20.pdf](http://kraft.is/wp-content/uploads/2021/03/KRAFT_arsreikningur20.pdf)

## **9. Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga 2020 og fjárhagsáætlun 2021 og borin undir atkvæði.**

Engar umræður (á chat) urðu og skýrsla stjórnar, ársreikningar 2020 og fjárhagsáætlun 2021 borin upp til samþykktar.

Samþykkt með meirihluta.

## **10. Fjárhagsáætlun og starfsáætlun stjórnar KRAFT fyrir næsta starfsár**

<http://kraft.is/wp-content/uploads/2021/03/skyrsla20.pdf>

[http://kraft.is/wp-content/uploads/2021/03/KRAFT\\_arsreikningur20.pdf](http://kraft.is/wp-content/uploads/2021/03/KRAFT_arsreikningur20.pdf)

Engar umræður (á chat) urðu um fjárhagsáætlun og starfsáætlun.

Borið upp til samþykktar fjárhagsáætlun og starfsáætlun KRAFT fyrir árið 2021. Samþykkt með meirihluta.

## **11. Tillögur að laga-, reglugerða - og reglubreytingum sem og aðrar tillögur**

### *Laga-, reglugerða - og reglubreytingar*

Pórunn Lilja Vilbergsdóttir kynnti og fór yfir breytingar. Meirihluti lagabreytinga eru minniháttar. Þingforseti samþykkti að athugasemdir megi skrá strax inn á „chat“ ef einhverjar eru, teknar saman í lokin.

[http://kraft.is/wp-content/uploads/2021/03/LOG\\_KRAFT\\_MARS2021.pdf](http://kraft.is/wp-content/uploads/2021/03/LOG_KRAFT_MARS2021.pdf)

Engar ábendingar komu frá fundarmönnum við lok kynningar Þórunnar Lilju. Þingforseti ítrekaði að þ.s. þetta eru lagabreytingar sambandsins þarf 2/3 atkvæða samþykki.

Breytingar samþykktar með meira en 2/3 hluta atkvæða.

### ***Aðrar tillögur***

Tillaga stjórnar KRAFT að frá og með þessu þingi munu IPF GL stigin verða notuð í stað DOTS.

Eldra IPF stigakerfið var talið mikið gallað en það kom fram hjá einum fundarmanni að IPF GL er einnig talið meingallað en mögulega skárri. Þingforseti ætlar að koma ábendingu áfram til stjórnar IPF.

Tillaga borin upp til samþykktar. Samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

## **12. Ákvörðun um þáttökugjöld í Íslands-og bikarmótum næsta keppnistímabils**

Stjórn leggur til að gjaldið verði óbreytt, 7500 kr fyrir þríþrautarmót og 6000 kr. fyrir staka grein.

Lagt til samþykkis. Samþykkt með meirihluta atkvæða.

## **13. Kosning formanns, stjórnar KRAFT, tveggja skoðunarmanna ársreikninga og tveggja til vara, og fulltrúa á næsta reglulega þing ÍSÍ í samræmi við lög ÍSÍ**

Í framboði eru:

Formaður: Gry Ek Gunnarsson - Ekkert mótframboð, Gry því réttkjörin.

Stjórnarmenn: Auðunn Jónsson, Hinrik Pálsson, Rúnar Friðriksson, Þórunn Brynja Jónasdóttir (til eins árs ef lagabreytingartillaga verði samþykkt). Engin mótframboð. Nýir stjórnarmenn réttkjörnir.

Skoðunarmenn: Aðalmenn: Helgi Briem, Ármanni og Ari Kárason, KFR

Varamenn: Róbert Kjara, Breiðabliki og Gunnlaugur Olsen, Massa. Engin mótframboð og skoðunarmenn / varamenn því réttkjörnir.

Fulltrúar á þing ÍSÍ – Lagt til að það séu formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri. Engin mótframboð og því þeir fulltrúar samþykktir.

## **14. Önnur mál**

Umræður um framkvæmd móta – Auðunn Jónsson

Auðunn tók upp umræðu um mótahald og hvað er hægt að gera til að aðstoða minni klúbba við mótahald. Er lausnin að styrkja mótanefndina eða búa til

starfsmannamótanefnd ? Líklegra er það frekar að búa til sér nefnd þ.e. starfsmannamótanefnd þ.s. mótanefnd hefur nægan verkefnalista.

Í starfsmannanefnd myndi vera einn fulltrúi frá hverjum klúbbi. Þessi aðili skal hafa góða þekkingu og gott tengslanet. Mótshaldarar gætu leitað til þessarar nefndar eftir stuðningi. Nefndin myndi vera með lista yfir mannskap sem hægt er leita til vegna aðstoðar við mótahaldið.

Góður rómur var gerður að tillögunni.

Þingforseti sendi ákall til félaga um að tilnefna fulltrúa í nefndina og senda í tölvupósti á félagið, kraft@kraft.is

## **15. Þingslit**

Áður en Gry Ek Gunnarsson, formaður KRAFT, sleit þinginu óskaði hún nýjum stjórnarmönnum til hamingju með að vera komin í stjórn.

Þingi slitið kl.15.10.

Laufey Agnarsdóttir, þingritari

Sigurjón Pétursson, þingforseti